

# SKÓLASÓKNARKERFI Í 1.-10. BEKK SÆMUNDARSKÓLA



## Fjarvistir og seinkomur

Nemendur fá einkunn fyrir skólasókn sem gildir fyrir allt skólaárið. Allir nemendur byrja með einkunnina 10. Skólasóknareinkunn er skráð á vitnisburðarblað og er sýnileg eins og aðrar einkunnir um frammistöðu nemandans.

Skólasóknareinkunn er sýnileg í Mentor. Umsjónarkennari sendir foreldrum á tveggja vikna fresti upplýsingar í tölvupósti um stöðu skólasóknar.

Komi nemandi í kennslustund eftir að kennsla hefst fær hann eitt fjarvistarstig. Fyrir óheimila fjarvist og að yfirgefa kennslustund án leyfis fær nemandi þrjú fjarvistarstig og fjögur fyrir að vera vísað úr kennslustund. Ef mætt er í kennslustund á námsgagna eða ef ekki er komið með viðeigandi fatnað í íþróttir eða sund fær nemandi eitt stig.

Nemandi getur óskað eftir því við skólastjóra að fá lækkaða punktastöðu og er þá gerður skriflegur samningur. Foreldrar/nemandi ber ábyrgð á því að fylgjast með framvindu samnings og láta kennara vita þegar komið er að afskriftum.

*Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar (vegna fjarvista)*

**10 fjarvistarstig** - Umsjónarkennari ræðir við nemanda. Foreldrum sent bréf gegnum Mentor.

**20 fjarvistarstig** - Fundur umsjónarkennara og nemanda ásamt foreldrum, tilkynnt til skólastjórnenda.

**30 fjarvistarstig** - Fundur umsjónarkennara og nemanda ásamt foreldrum og skólastjórnanda/fulltrúa hans.

**40 fjarvistarstig** - Fundur umsjónarkennara og nemanda ásamt foreldrum, skólastjórnanda/fulltrúa hans og fulltrúa þjónustumiðstöðvar.

**50 fjarvistarstig** - Nemendaverndarráð skólans tilkynnir skólasókn nemandans til Barnaverndar Reykjavíkur og skóla- og frístundasviðs. Barnavernd boðar til tilkynningafundar.

STIG	0-5	6-10	11-15	16-20	21-25	26-30	31-35	36-40	41-45	46-50	> 50
Einkunn	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	0

*Nemandi sem er með fjögur fjarvistarstig eða færri í lok skólaárs fær viðurkenningarskjal frá skóla.*

# Leyfi og veikindi

Í tengslum við skólasókn nemenda og sem viðbót við skólasóknarkerfi skólans þarf stundum að skoða tilkynnt forföll nánar til þess að grípa betur inn í hugsanlegan skólasóknarvanda.

Þegar nemandi er tilkynntur veikur eða í leyfi þarf ávallt að skoða forfallasögu hans í skólanum. Ef ferillinn er virkjaður er hann í gildi út skólaárið, bæði með tilliti til leyfis og veikinda. Skóli getur óskað eftir vottorði sé nemandi veikur meira en einn dag.

Greining er gerð á forföllum allra nemenda á tveggja vikna fresti. Miðað er við forföll önnur en langtímaveikindi, s.s. vegna slysa, samfelldra leyfa eða veikinda sem staðfest eru með vottorði læknis.

## *Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar (vegna veikinda/leyfa)*

**PREP 1 (10 veikinda- og/eða leyfis dagar)** - Ef nemandi er með fleiri en 10 forfalladaga á yfirstandandi skólaári, skráir umsjónarkennari upplýsingar í dagbók í Mentor, birtir og sendir bréf til foreldra (Ástundun – bréf til foreldra) og ræðir síðan við foreldra. Ef 80% eða meira af þessum forfalladögum eru veikindadagar lætur umsjónarkennari skólahjúkrunarfræðing vita sem hringir heim og tekur erindið upp í Nemendaverndarráði ef þörf þykir.

**PREP 2 (15 veikinda- og/eða leyfis dagar)** - Ef nemandi er með fleiri en 15 forfalladaga á yfirstandandi skólaári, boðar umsjónarkennari foreldra til fundar ásamt skólastjórnanda og tekur erindið upp í Nemendaverndarráði ef þörf þykir.

**PREP 3 (20 veikinda- og/eða leyfis dagar)** - Ef nemandi er með fleiri en 20 forfalladaga á yfirstandandi skólaári, boðar skólastjórnandi foreldra til fundar ásamt fulltrúa þjónustumiðstöðvar (viðbragðsteymi) ef þörf þykir.

**PREP 4 (30 veikinda- og/eða leyfis dagar)** - Ef nemandi er með fleiri en 30 forfalladaga á yfirstandandi skólaári greinir skólastjórnandi Nemendaverndarráði skólans um skólasókn nemandans sem tilkynnir síðan til Barnaverndar Reykjavíkur og skóla- og frístundasviðs. Barnavernd boðar til tilkynningafundar.

*Heimanám er sett inn á Mentor og er ætlast til að nemendur fylgist með því á meðan þeir eru í leyfi.*